



Námskrá

2 ára

Garðasel

Í Garðaseli er unnið eftir skólanámskrá sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar. Lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna í gegnum hreyfingu, næringu, sköpun og gæði í samskiptum. Heilbrigð sál í hraustum líkama eru einkunnarorð Heilsustefnunnar.

Í Garðaseli er unnið út frá kenningum og starfsháttum **Uppeldis til ábyrgðar**. Í þeirri hugmyndafræði er lögð áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu, ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun og möguleika hans á að snúa aftur til hópsins eftir neikvæða hegðun. Mikilvægt er að þekkja þarfir barnanna og koma til móts við þær eins og kostur er.

Í Garðaseli er lögð áhersla á þátttöku allra barna í skólastarfinu og að börnin

- séu lífsglöð
- hafi trú á eigin getu og allir fái að njóta sín á eigin forsendum
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- séu sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálfsörugg í lok leikskólagöngu sinnar

Leikskólastarfið í Garðaseli er samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu, sem þau taka sér fyrir hendur, úti og inni, í skipulögðu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning frá kennurum sínum, sem veita þeim hvatningu og stuðning til að nýta hæfileika sína.

Námssvið leikskólanna eru og eiga að vera samþætt og samofin í starfinu.

Leikskólinn er skóli fyrir öll börn og áhersla lögð á að hver og einn er einstakur og nám og starf á að taka mið af þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á að börn með fötlun eða fráviki í þroska læri í leik og samskiptum við önnur börn eins og kostur er á eigin forsendum og fái sömu tækifæri til leiks og náms í leikskólanum

Hver og einn er einstakur



Grunnstoðir í starfi með yngstu börnunum

Aðlögun

Markmið aðlögunar er að gefa foreldrum og börnum ákveðin tíma til að aðlagast leikskólanum og auðvelda þeim þau umskipti sem verða þegar barn byrjar í leikskóla. Fyrstu dagar barns þurfa að einkennast af öryggi og trausti og þeirri vissu að þörfum þeirra sé mætt. Mikilvægt er að foreldrar og kennarar leggi sig fram um að skapa þetta öryggi og traust, á því byggir framhaldið.

Umhyggja og tengslamyndun

Umhyggja fyrir hverjum og einum er markmið leikskólans. Þörfum barna fyrir öryggi, traust, félagsleg tengsl og sjálfstæði á að fullnægja í daglegu starfi. Það skiptir miklu máli fyrir vellíðan barns að því sé mætt af virðingu og hlýju. Tengslamyndun ungra barna við hina fullorðnu byggir á trausti þeirra til viðkomandi. Kennarar ungra barna þurfa að leggja sig sérstaklega fram við að mynda traust tengsl því börn leita meira til þeirra sem það tengist og treystir. Ung börn bindast oft tilfinningatengslum við ákveðin leikföng eða hluti og mega börnin koma með þessa hluti í leikskólann ef það veitir þeim öryggi.

Félagsþroski og leika með öðrum

Félags- og tilfinningaþroski barna er í mótun öll bernskuárin og mikilvægt að byrja snemma að hlúa að og móta. Barn byrjar að mynda tengsl við umhverfi sitt um leið og það fæðist og byggir ofan á þau tengsl í samskiptum og leik. Yngstu börnin í leikskólanum læra smátt og smátt að leika með öðrum börnum og deila leikföngum og leiknum, en sá þroski kemur smátt og smátt á þessum fyrstu árum. Leiðsögn og stuðningur kennara í leik yngstu barna er mikilvægur, vera með í leiknum, sjá hvernig börnin leika sér saman, fylgjast með samskiptum þeirra og veita leiðsögn.



Athafnir daglegs lífs

Á yngstu deild skipta athafnir daglegs lífs miklu máli. Innan dagskipulags er gert ráð fyrir góðum tíma til líkamlegrar umhirðu (bleyjuskipti, wc-ferðir, handþvott), matmálstíma (morgunmat, ávaxtastundir, hádegismatur, síðdegishressing), að klæða sig úr og í, hvíldartíma (svefn / hvíld) og útvistar. Í öllum þessum stundum á sér stað nám um leið og þörfum barnanna er sinnt og mikilvægt að gefa sér tíma og skipuleggja aðstæður þannig að hægt sé að sinna hverju barni sem best.



Svefn og hvíld yngstu barna

Svefn og hvíld eru mikilvægir þættir í vellíðan ungra barna og úthvíld börn eru líklegri til að takast vel á við daglegar athafnir og viðfangsefni dagsins, þroskast og dafna.

Góður hádegislúr yngstu barnanna er ekki bara mikilvægur þáttur í að mæta svefnþörf barna yfir sólarhringinn heldur er hann nauðsynlegur og endurnærandi fyrir barnið í erli, áreiti og krefjandi leikskólaumhverfi – því er mikilvægt að sleppa ekki lúrnnum né skera hann svo niður í tíma að hann mæti ekki þörfum barnsins.

Í Garðaseli er lögð áhersla á að yngstu börnin fái að lágmarki 1 klst í svefn/ hvíld og lengur eftir þörfum hvers og eins.

Námsumhverfi og efniviður

Nám barnsins á sér stað í flestum athöfnum dagslegs lífs, úti og inni. Mikilvægt er að skipuleggja námsumhverfi yngstu barnanna þannig að það sé öruggt um leið og það veitir tækifæri að rannsaka og upplifa, sem er grundvöllur að því að læra. Efniviður tekur mið af aldri barnanna, er hafður aðgengilegur eins og kostur er og umhverfið skipulagt þannig að börnin hafi gott gólfrými til að athafna sig. Yngstu börnin leika sér meira á gólfi en við borð og umhverfi deildar skal taka mið af því. Umhverfið þarf að gefa tækifæri til sköpunar og samskipta – námsvænt umhverfi styður við sjálfshjálp yngstu barna.

Málumhverfi

Málproski er talinn ein af forsendum einstaklinga til að geta tileinkað sér nýja þekkingu. Á milli einstakra barna, sem eru á sama aldurs-skeiði, getur verið munur í þroska sem engu að síður er innan eðlilegra marka. Málrækt er samofin öllu daglegu starfi í leikskólanum.

Til að barn geti nýtt sér málið til að afla nýrrar þekkingar og til að eiga samskipti við aðra þarf málskilningur, tjáning og hlustun að þroskast. Í starfi með yngstu börnunum á að leggja áherslu á vandað og fjölbreytt mál, nefna hluti og athafnir réttu nafni, hvetja börnin til að nota málið til að tjá sig, spyrja og biðja um það sem þau vilja eða vantar. Tákni með tali á að nota í starfi með yngstu börnunum, það styður við máltöku og málskilning.

Foreldrar yngstu barna eru hvattir til að vera góðar fyrirmyndir, setja rétt orð á hluti og athafnir og taka virkan þátt í að efla orðaforða þeirra. Þá ættu foreldrar að vera duglegir að lesa bækur heima með börnum sínum og leggja þannig sitt af mörkum í þróun málþroska barna sinna.



Segðu mér og ég gleymi,
sýndu mér og ég man,
leyfðu mér að reyna og ég skil

Leikurinn



Hlutverka- og
þykjustuleikir

Könnunarleikur

Skynfæra - og
byggingarleikir

Hreyfi- og
ærslaleikir

Hlutverka og þykjustuleikir	Könnunarleikur	Skynfæra –og byggingarleikir	Hreyfi – og ærslaleikir
Hafa góðan efnivið fyrir hlutverkaleikinn	Hvert barn fari 1x í viku í könnunarleik	Sull í vatnskari með fjölbreyttan efnivið Vinna með hugtök – blautur, heitur, kaldur	Leikir þar sem börnin hoppa, klappa, hrópa,
Hafa ákveðið rými sem skipulagt er fyrir hlutverkaleikinn	Uppgötvunarnám -kanna, rannsaka, flokka, para saman, frjálst	Leika með tónlist og hljóðfæri, láta þau hreyfa sig með	Kenna einfalda hreyfileiki og dansa -
Að börnin leiki sér í minni hópum og njóti leiksins og samskipta	Æfa fínreyfingar og örva skynjun með fjölbreyttum efnivið	Fara í stuttar vettvangsferðir – hlusta, skoða, tala saman, rannsaka	Hreyfistundir jafnvægi, þor, samhæfing
Kennari fylgi börnunum í leiknum til að horfa á, fylgjast með og grípa inn í	Leggja inn einföld fyrirmæli – nöfn hluta, litir, undir/yfir	Fjölbreyttir kubbar sem hæfa aldri barnanna	Kenna hvar og hvenær ærslaleikurinn má vera
	Kennarinn fylgist með hvernig leikurinn þróast	Annar efniviður Kassar, fernur, húsgögn, búa til hús	Útivist 1 – 2 x á dag

Leikurinn er ekki bara gleðigjafi heldur líka náms- og þroskaleið. Hann hjálpar börnum að rannsaka umhverfi sitt, tjá tilfinningar og leysa vandamál. Það er auðvelt fyrir barnið að læra í gegnum leikinn, prófa sig áfram án þess að mistakast því allt er leyfilegt og barnið ræður ferðinni. Leikurinn segir okkur hvernig barnið þroskast og hversu vel því gengur í samskiptum við önnur börn.

Ung börn nota skynjun til að taka þátt í leiknum og eykur það vitsmuna-, líkams- og hreyfiproska þeirra ásamt félags og tilfinningaþroska.

Kennslufyrirkomulag

Frjálsi leikurinn

Börn læra gegnum leikinn og umhverfið þarf að vera síbreytilegt og bjóða upp á valkosti með áherslu á gott rými sem hvetur m.a. til sköpunar og samskipta. Á Lóni er börnunum skipt upp í hópa á nokkur svæði til að allir fái notið sín í góðu rými. Ýmist er leikið á gólfinu eða við borð og glugga. Fjölbreyttur efniviður sem höfðar til þessa aldurs er t.d. leir, margskonar kubbar, ífelludót, bílar, dúkkur, bækur, púsluspil, ýmiss fínhreyfingaefniviður og síðan er bætt við því sem vekur áhuga barnanna hverju sinni.

Hlutverka – og þykjustuleikir

Börnin eiga að hafa tækifæri til að taka þátt í hlutverkaleik þar sem þau læra að greina milli leiks og alvöru og upplifa reynslu sína í gegnum sjálfsprottinn leik. Krókur á miðrými er oftast notaður undir þennan leik þar sem efniviðurinn er borð og stólar, eldavél og eldhúsdót, dúkkur og rúm, fatnaður og ýmiss annar verðlaus búnaður (símar, myndavélar). Hlutverka- og þykjustuleikur er bæði í valstundum sem hópastarfi.

Könnunarleikur

Búið er að safna saman verðlausu dóti sem sett er fyrir framan börnin og þau finna sjálf hvað er hægt að gera með þennan efnivið. Fá börn eru í hverri stund könnunarleiksins og kennari fylgir hópnum en könnunarleikurinn er bæði í valstundum og hópastarfi og getur farið fram hvar sem er.

Efniviðurinn í könnunarleiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Hér getur verið um að ræða dósaloð, mismunandi plastlát, keðjubúta, lykla, tvinnakefli, perlulengjur, filmubox og fleira. Efniviður könnunarleiksins sem ekki er í notkun á öðrum tíma. Áhersla er lögð á rólegheit og reynt að draga úr hávaða eins og kostur er.

Skynfæraleikur

Leikur með efnivið sem örvar skynjun barnsins á ólíkum eiginleikum hluta er hluti af leiknum. Sull í vatni og sápu með flöskur, glös, skeiðar, ausur, plaströr, báta og annan efnivið er skemmtilegur. Í sulluker má setja vatn, sandleir og grjón en þetta er efniviður sem örvar skynfæri barna.

Í gönguferðum er umhverfið skoðað og nöfn sett á hluti sem börnin sjá, rætt um form og ýmis hugtök sem auðvelt er að tengja við útiveruna. Taka upp hluti, lykta, skoða og rannsaka og setja orð á það sem þau eru að upplifa.

Byggingaleikur

Börnin á Lóni hafa aðgang að góðum og fjölbreyttum efnivið kubba úr við og plasti og stærð þeirra og fylgihlutir eru fjölbreyttir. Kubbar og byggingaleikur er bæði á deild og á miðrými þar sem kennarinn hjálpar börnunum af stað og leikur með þeim ef þarf. Kubbar eru efniviður í frjálsum leik í valstundum og líka í hópastarfi.

Hreyfi – og ærslaleikur

Hverju barni er nauðsynlegt að fá útrás fyrir hreyfipörf sína og á Lóni fara öll börn út að lágmarki einu sinni, ef veður leyfir. Þar má hjóla, klifra, hoppa, hlaupa og hafa hátt og nota útiröddina sína. Sum börn þurfa meiri útivist en önnur og reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna.

Hreyfileikir þar sem börnin syngja, hoppa, dansa og klappa eru hluti af leiknum og fátt sem gleður lítil börn meira en tónlist og söngur.

Áhersla er lögð á að búa til áskoranir fyrir börnin, úti og inni, og fá þau til að prófa viðfangsefni undir leiðsögn og eftirliti kennara og auka þrek þeirra og úthald í göngu.

Á Lóni fara börnin í hverri viku í skipulagða hreyfistund í Glaumbæ þar sem unnið er með áherslur í Heilsubók barnsins (jafnvægi). Lónið fer svo 1 x 2 í viku í Glaumbæ og þá er frjálur leikur með efnivið þar.

Slökun er í lok hreyfistundar þar sem börnin læra að slaka á og upplifa vellíðan þess að leyfa líkamanum að „ róa“ sig niður.

Dans er hluti af hreyfingu í Garðaseli og læra börnin á Lóni fyrstu sporin í einföldum dönsum.




Lífið er leikur



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og hafa þörf fyrir samskipti við aðra. Þau spyrja spurninga, tjá tilfinningar sínar og skoðanir og þar skiptir góður málþroski miklu máli. Í gefandi samskiptum eykst félagsfærni og sjálfsmynd barna styrkist. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta og barn byggir smátt og smátt upp reynslu og þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og samskipti við aðra.



Málörvun	Skilningur	Bernskulæsi	Samskipti
Vandað og fjölbreytt málumhverfi	Lesna bækur og segja sögur, vinna með orð og texta	Gera ritmálið sýnileg í umhverfi barnanna	Skapa jákvæð og uppbyggileg samskipti
Vinna með TMT Finna tákn fyrir grunnhugtök og orð	Sögupokar / bækur og hlutir tengdir sögunni	Lesna fjölbreytt efni fyrir börnin, benda þeim á orð og stafi	Leiðbeinandi umhverfi
Lesna og syngja með börnunum bækur og söngva sem hentar þeirra aldri / proska	Setja orð á hluti og athafnir, taka sérstaklega fyrir orð sem tengjast mat, hlutum, líkama, dýr	Bókstafir t.d. stafur barnanna sé sýnilegur á deildinni	Frjálsi leikurinn -skiptast á - deila með öðrum - leika saman -fyrstu reglurnar
Vinna með spil, myndir og málræktarefni	Vinna með hugtök, s.s stór/lítill undir / yfir	Læra vísur, þulur og önnur sönglög	Æfa börnin í að finna lausnir – hvað get ég gert ?
Kanna orðaforða barna reglulega	Velja þulur / vísur og vinna með einstök orð	Lubbi finnur málbein	Samvinnuleikir
Lengja setningar barnanna með því að endurtaka og bæta meiru í	Vinna með einföld fyrirmæli	Leikur að læra Verkefni tengd læsi og bókstöfum	Vináttuverkefni Barnaheilla

Markviss málörvun þar sem unnið er með orðaforða barna og umhverfi þar sem ritmálið er gert sýnilegt eykur áhuga barna á ritmálinu og hvetur þau til læsis. Með því að hafa ritmálið sýnilegt mun áhugi barna og þekking á bókstöfum aukast.

Með yngsta hópinn er þetta mjög einfalt og tekur mið af færni þeirra og getu. Yngstu börnin þurfa að fá tækifæri til að auka orðaforða sinn, tjáningu og skilning í gegnum daglegar athafnir, leik og samskipti en einnig í skipulögðum stundum. Þau þurfa að heyra fjölbreytt og vandað mál og þar eru kennarar og foreldrar fyrimyndir.

Börnin þurfa að hafa aðgang að bókum við hæfi, til að fletta og skoða sjálf en einnig að láta lesa fyrir sig. Að syngja og læra texta vinnur með hljóðkerfisvitund barnanna og eykur orðaforða þeirra. Barnið byggir upp þekkingu sínu á ritmáli í umhverfinu og í gegnum bóklestur og ekki síst málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn.

Námsleiðir :

- Athafnir daglegs lífs, leikur, samverustundir, hópastarf, matartímar, útivera

Kennslufyrirkomulag

Á Lóni er lögð áhersla á að börn heyri fjölbreytt og vandað mál þar sem rétt orð eru sett á hluti og athafnir. Málræktin þjálfast í daglegum samskiptum barnanna og við hina fullorðnu þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig og taka þátt í samræðum.

Unnið er með Lubba- námsefnið þar sem hver bókstafur á sitt hljóð og sitt tákni. Börnin læra að þekkja stafinn sinn og jafnvel staf foreldra sinna og systkina. Sum ná því að þekkja mun fleiri stafi og er það eðlileg þróun hjá börnum.

Myndir með Lubba-táknum eru sýnileg á veggjum og verða til þess að þau fara að leita að stafnum sínum og annarra.

Tákn með tali er sjónrænt táknmál sem hjálpar börnum á sínum fyrstu skrefum málþroskans, styður við málskilning og eykur skilning einstakra orða á myndrænan hátt. TMT er notað með töluðu máli og kemur ekki í staðinn fyrir það.

Börnin fara í litlum hópum í samverustundir tvisvar yfir daginn þar sem sungið er með og lesnar stuttar bækur eða myndir úr þeim skoðaðar og rætt út frá þeim.

Fyrir hvert barn er gert myndaalbúm með myndum af mömmu og pabba, systkinum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Þessi albúm veita þeim öryggi en líka hvatningu til að tala um þá sem á myndunum eru.

Í gegnum sögur og söng læra börnin orð, texta og rythma sem styður við hljóðkerfisvitund og máltöku. Mikilvægt er að vinna með orð og hugtök til að efla skilning barnanna og þekkingu á orðanotkun.

Í fataherbergi heyra börnin fjölbreytt orð um athafnir, fatnað og veður. Einnig eru notuð líkamsheitin, s.s. hendi, fótur, höfuð, fingur, tær.

Ýmsir hreyfileikir efla málþroska en einnig hreyfiþroska og samskipti.

Merkingar á deildum eru ; nöfn barnanna á skúffum þeirra og fatahólfum og myndir með nöfnum þeirra á til að ramma inn samverustundir.

Á Lóni er unnið með Vináttu verkefni Barnaheilla.

Verkefnið byggir á fjórum grunngildum; umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópinn í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar.



Vináttan er öllum mikilvæg

Sjálfbærni og Vísindi



Umhverfið	Náttúran	Stærðfræði	Vísindi
Kynnast umhverfi leikskólans, úti og inni	Stuttar gönguferðir og taka eftir því sem fyrir augu ber	Læra talnarunu 0 -5	Könnunarleikurinn
Fara út af deildinni og vera á öðrum svæðum	Læra að ganga vel um náttúruna - tína rusl	Æfa sig að telja hlutbundið 0 – 3	Leika sér með ólíkan efnivið Vatn, olíu, liti, snjó, grjón, sand, steina, fjaðrir
Skoða nánasta umhverfi fyrir utan leikskólann	Velta við steinum og rannsaka	Leggja inn hugtök sem tengjast stærðum	Gera einfaldar tilraunir með snjó, vatn, ljós, skugga
	Gefa fuglunum mat	Kenna hugtök sem tengjast stærðfræði	Myndvarpi til að búa til skuggamyndir, litamyndir
	Fræðast um dýr -fugla, ketti, hunda	Leikur að læra Verkefni tengd stærðfræði og tölustöfum	
	Upplifun og samræður	Tölustafir séu sýnilegir í umhverfi barnanna	

Börnin læra fljótt að kanna umhverfi, verða forvitin um það sem þau sjá og vilja fá svör við spurningum sínum. Yngstu börnin byrja á að kanna nærumhverfið, læra að þekkja það og treyst því. Síðar víkkar sjóndeildarhringur þeirra. Að vera úti tengir þau við veðrið, náttúruna og fjölbreytni hennar og þau læra að ganga vel um þessa auðlind.

Stærðfræði er alls staðar í umhverfinu og mikilvægt að tengja hana daglegu starfi um leið og markvisst eru lögð inn hugtök, unnið með talnaskilning og talnarunur æfðar.

Einföld vísindi og tilraunir eru skemmtileg viðbót við daglegt starf, byggir á tilraunum, að prófa og rannsaka.

Námsleiðir :

- Athafnir daglegs lífs, leikur, hópastarf, samverustundir, útivera, hreyfistundir, gönguferðir , Leikur að læra

Kennslufyrirkomulag

Yngstu börnin byrja á því að læra að fara um leikskólann, þekkja svæði hans og finna öryggi sitt vaxa. Að fara inn á önnur svæði en deildina sína er ákveðin áskorun og þau æfa sig með því að fara í hreyfistund í Glaumbæ, vera í leik á Skála og koma í sameiginlega söngstund.

Í útivistinni upplifa þau leikskólalóðina og það sem fyrir augu þeirra ber þar.

Leikur að læra er kennsluáferð sem byggir á að börnin læri um leið og þau fara í gegnum einhvern hreyfipátt (ganga, skríða, hoppa). Með þessari aðferð er unnið með liti, form, hugtök eins og undir og yfir og heiti hluta ásamt því að vinna með einföld fyrirmæli.

Í útiveru / gönguferðum eru tækifærin ótalmörg til að vinna með stærðfræði daglegs lífs, leika sér að telja, skoða liti og nefna það sem börnin sjá í umhverfinu. Efniviðurinn í umhverfinu gefur tækifæri til að velta fyrir sér fjölda (1,2,3,4,5), stór / lítill, litir á bílum og húsum, finna eitthvað sem er eins, t.d. steinar, blóm, laufblöð (þörun og flokkun) ásamt fjölmörgum skemmtilegum verkefnum sem verða til á leiðinni.




Leyfðu mér
að prófa

Með yngstu börnunum er mikilvægt að vinna með fljölbreyttan efnivið með ólíka eiginleika til að örva snertiskyn þeirra og upplifun s.s ; vatn og snjó, sand og grjón, vatn og olíu, liti, fjaðrir og bolta með mismunandi yfirborði (mjúkir, harðir, sléttir, munstur).



Heilbrigði og velferð



Hreyfing	Útivist	Næring	Velliðan
Skipulögð hreyfistund 1 x viku	Dagleg útivera 1x – 2 x á dag	Hvetja börnin til að smakka allan mat	Kenna / fylgja eftir hreinlæti
Hreyfing í hópastarfi	Stuttar gönguferðir / hópaskipt	Kenna börnunum að nota mataráhöld	Kenna börnunum jákvæð samskipti
Viðfangsefni á hverjum degi úti og inni	Viðfangsefni á hverjum degi ; (leika, ganga, hjóla, hlaupa, klifra, hoppa)	Setja grænmeti á diskna barnanna og hvetja þau til að smakka það	Kenna félagshæfni og samskipti í gegnum leikinn
Dans / hreyfileikir	Útinám í umhverfi nærri skólanum, skógræktin að vori	Bjóða upp á ávaxtastund milli mála	Vinna með einfaldar og skýrar reglur innan deildar
Heilsuskokk Garðasels 2 x á ári		Fræða börnin um mataræði ; hollt og gott	Hrósa og gefa hlýju / snertingu (jóga, slökun)
Íþróttadagar í júní			Efla sjálfstæði og sjálfshjálp

Garðasel er heilsuleikskóli og starfar eftir markmiðum heilsustefnunnar. Þar er lögð áhersla á hreyfingu og hollt mataræði og gæði í samskiptum. Markmið heilsustefnunnar er að börn venjist strax í barnsæsku á heilbrigða lífshætti sem fylgja þeim út í lífið. Lögð er áhersla á skipulagðar hreyfistundir og daglega hreyfingu úti og inni og að börn fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðutegundum.

Velliðan og jákvæð samskipti eru mikilvæg öllum og með yngstu börnunum er lögð áhersla á fyrstu samskiptin í stórum hópi, kenna þeim einfaldar reglur deildar og skólans og ekki síst að læra og leika að saman með öðum börnum. Unnið er á einfaldan hátt með Vináttuverkefni Barnaheilla og aðferðir Uppeldis til ábyrgðar sem byggja á jákvæðni, virðingu og uppbyggjandi samskiptaleiðum barna.

Námsleiðir;

- Hreyfistundir, útivera , leikur, matmálstímar, samvera, hópastarf

Kennslufyrirkomulag

Hvert barn fer í eina skipulagða hreyfistund á viku þar sem unnið er með ákveðna grunnþætti hreyfiproskans; jafnvægi og samhæfingu, hopp og hlaup og klifur og kast. Þetta eru þeir færniþættir sem unnið er með í Heilsubók fyrir 2 -3 ára börn.

Öll börn fara að lágmarki í eina útivist á dag og fer lengd hennar hverju sinni eftir veðri og aðstæðum.


Styttri gönguferðir út fyrir skólalóðina eru farnar þegar líður á fyrsta skólaárið. Þannig fá börnin upplifun af nærumhverfi og læra að fara eftir reglum sem við eiga þegar farið er út fyrir skólann. Jafnvægi má æfa með fjölbreyttum hætti og þá eflist þrek / þol í gönguferðum. Í byrjun fara börnin út fyrir lóð í kerrum.

Yngstu börnin taka þátt í Heilsuskokki og Íþróttadögum eftir þroska þeirra og getu.

Í matmálstímum eiga börnin sitt fasta sæti sem veitir þeim öryggi. Þau læra almenna borðsiði, að nota áhöld og eru hvött til að smakka fjölbreyttan mat. Umræður um hollt og gott byrjar strax á þessum árum með börnunum og leggur grunninn að heilbrigðu viðhorfi til matar (hollt / gott / nóg / of mikið).

Hugað er að vellíðan barnanna með góðum samskiptum, hlýju og umhyggju í umönnun og daglegu starfi.

Sköpun og menning



Sköpun	Myndsköpun	Tónlist	Menning
Fjölbreytt leikefni til skapandi vinnu	Einfaldur efniviður á deild	Söngstund daglega	Gönguferðir, skoða umhverfið og safna efniviði
Gefa góðan tíma til frjáls leiks	Vinna verkefni í Listasmiðju; vatnslitun, þekjulitir, endurnýtanlegt efni	Leika með einföld hljóðfæri s.s hristur, egg, stafi, bjöllur	Fræða börnin um íslenskar hefðir og venjur
Hlutverkaleikur -grunnfærni í leiknum	Vinna með grunnlitina í verkefnum	Vinna með takt, klappa í takt t.d. nafn barnanna	Börnin taki þátt í að undirbúa ýmsar hátíðir og viðburði
Dans	Vinna með endurvinnanlegan efnivið	Hringleikir og hreyfileikir	Vinna með íslensku húsdýrin
	Nota efnivið úr náttúrunni til listsköpunar	Dansa og hreyfa sig frjálst eftir tónlist	
	Verkefni yfir veturinn; ég sjálfur, jólin, páskar, jólagjöf	Róleg tónlist í hvíld	

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og áherslan er á sköpunarferlinu sjálfu, könnuninni, gleðinni, tjáningunni og náminu sem kemur fram í ferlinu þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Yngstu börnin vinna með einfaldan efnivið og prófa sig áfram með hann á eigin forsendum. Sköpun er samþætt í starfinu og getur farið fram í gegnum leik, hreyfingu, tónlist, myndsköpun og dans.

Í Garðaseli hafa myndast hefðir, sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun eða bjóða gestum á viðburði í leikskólanum. Yngstu börnin taka þátt í þeim og skipulag viðburða og daga haft þannig að það henti þessum aldri. Að vori bjóða þau foreldrum sínum á Vorhátíð með söng og dansi.

Kennslufyrirkomulag


Börnin á Lóni fara einu sinni í viku í Listasmiðju þar sem er unnið með ákveðin verkefni og efnivið. Börnunum er gefin kostur á að prófa ólíkan efnivið sem hentar þeirra aldri. Þar kynnast þau rýminu, einföldum áhöldum og efnivið.

Með yngstu börnunum er mikið sungið og er það hluti af málörvun að læra einfalda texta. Einföld hljóðfæri, stafir og hristur (egg), eru tekin með í söngstundir og þar byrja börnin að vinna með og heyra takt ásamt því að klappa nafnið sitt og annarra.

Börnin taka þátt í viðburðum tengdum þjóðlegum dögum og öðru sem tengist menningu skólans.

Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem miðar að því að efla innri hvata barna til að verða góðir og gefandi einstaklingar, sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Viðurkennt er að allir geta gert mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu.



Uppeldi til ábyrgðar byggir á þeirri trú að allir hafi fimm grunnþarfir, missterkar, sem þeir þurfa að uppfylla ; öryggisþörf, umhyggjuþörf, frelsisþörf, gleðiþörf og áhrifaþörf. Lítil börn þurfa að læra að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að ganga á rétt annarra.

Með 2 ára börnum er lögð áhersla á

- að hjálpa þeim að uppfylla þarfir sínar, veita þeim öryggi, gleði og gefa þeim tækifæri á að hafa áhrif með því að velja þegar það er hægt
- að vinna með öryggi / fjölskylduna ; gera fjölskyldualbúm, húsið þeirra
- að kennarar séu góðar fyrirmyndir og noti það orðalag sem lagt er upp með

Leikur að læra



Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börnin læra í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Áferðin upphefur leikinn og hreyfingu sem skilvirka námsleið um leið og hún veitir gleði og ánægju barnanna. Ferðamátar að verkefni skipta miklu máli og þar ræður þroski og færni barna þeim leiðum (hoppa, skríða, ganga á línu). **Leikur að læra** fellur vel að áherslum Garðasels í hreyfingu.

Með 2 ára börnum verður lögð áhersla á

- gulan, rauðan, grænan og bláan (þekkja þá, flokka, para)
- stafinn þeirra
- hoppa jafnfætis, skríða, fara undir og yfir, ganga á línu(ferðamátar að verkefni)

Vinátta

Vináttuverkefnið er á vegum Barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla.

Verkefnið byggir á fjórum grunngildum ; umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópinn í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar.

Vináttan á því að stuðla að almennri hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra.

Með yngstu börnunum er lögð áhersla á að kenna þeim fyrstu samskiptin og leggja grunn að því að þau séu góð hvert við annað. Einnig að þau „ noti orðin sín „ og segi hvað þau vilja.

